

Fundargerð

251. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 10. apríl 2018 kl. 12¹⁵–14¹⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ) fjarverandi
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lúðvík Gústafsson (LG) fjarverandi
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ) vm (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Stofnefnahagsreikningur 1.1.2017
- (3) Pappa- og plastumbúðir
- (4) Endurvinnsla á notaðri steikingarolíu
- (5) Lög um úrvinnslugjald
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (250. fundar).

Samþykkt

2. Stofnefnahagsreikningur 1.1.2017

Á fundinum voru lögð fram drög að stofnefnahagsreikningi fyrir Úrvinnslusjóðs 1.1.2017. ÓK fór yfir breytingar sem eru gerðar frá ársreikningi sjóðsins 31.12.2016, m.a. á flokkun liða til samræmis við ársreikningalög. Bundið eigið fé verður 0 kr í ársbyrjun 2017.

Farið var yfir að stjórn Úrvinnslusjóðs þarf að staðfesta skýrslu stjórnar sem er hluti af stofnefnahagsreikningi. Stjórn ræddi breytingarnar og framtíðar skuldbindingar sjóðsins.

Stjórn samþykkir stofnefnahagsreikning líkt og settur er fram í drögum ásamt áorðnum breytingum á skýrslu stjórnar.

3. Pappa- og plastumbúðir

ÓK fór yfir þá erfiðleika sem eru á alþjóðlegum endurvinnslumörkuðum fyrir plastumbúðir, m.a. blandaðar plastumbúðir frá heimilum. Svipuð þróun virðist eiga sér stað á endurvinnslumörkuðum fyrir pappumbúðir þar sem verð hafa einnig lækkað verulega á þessu ári.

Á fundinum var lögð fram tillaga að breyttu endurgjaldi til þjónustuaðila fyrir umbúðir úr bylgjupappa og blandaðar plastumbúðir frá heimilum. Rætt var um áhrif þessara breytinga á rekstur vörflokkanna.

Ólafur Kjartansson *Bryndís Skúladóttir* *Hlíðar Þór Hreinsson*

